



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

321. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. apríl 2013 kl. 9.30 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Ágúst Gunnarsson í fjarveru Ingvars Grétars Ingvarssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. mars 2013.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. mars 2013 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) 57. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 21. mars 2013.

Mál nr. 4, 5, 12, 13, 14, 15, 16 og 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 57. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 21. mars 2013. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Fyrirspurn_Norðurkot B-gata 12

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og hafnar beiðni umsækjenda um endurskoðun ákvörðunar varðandi stækkun frístundahúss á lóðinni B-gata 12.

Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 19. mars 2013.

Mál nr. 12: Askbr. Grímsnes- og Grafnin.hr._Klausturhólar

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á 21 ha spildu úr landi Klausturhóla.

Mál nr. 13: Askbr. Öndverðarnes – 14 ha frístundahúsasvæði

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á 14 ha spildu úr landi Öndverðarness.

Mál nr. 14: Ásgarður_Sogsbakki - öryggishlið

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og hafnar beiðni um uppsetningu öryggishliðs nema að uppsetning verði í samráði við alla hlutadeigandi aðila.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Mál nr. 15: Deiliskipulag Réttarland - Klausturhólum

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa tillögu að deiliskipulagi 21 ha frístundabyggðar á spildu úr landi Klausturhóla (Réttarland) skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringar á skipulagsskilmálum til samræmis við kröfur skipulagsreglugerðar.

Mál nr. 16: DSK Öndverðarnesi - Hlíðarhólsbraut

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa tillögu að deiliskipulagi 12 ha frístundabyggðar úr landi Öndverðarness (Hlíðarhólsbraut) skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringar á skipulagsskilmálum til samræmis við kröfur skipulagsreglugerðar.

Mál nr. 17: Vaðnes-Breyting á deiliskipulagi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir umsókn um breytingu á deiliskipulagi við Hrauntröð 31-37 í Vaðnesi skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um skriflegt samþykki allra lóðarhafa.

b) Fundargerð 24. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. mars 2013.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.

3. Aðalfundur Límtré Vírnet ehf.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Límtré Vírnet ehf. sem haldinn verður 4. apríl n.k. í Reykjavík. Samþykkt er að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinn og Gunnar Þorgeirsson til vara.

4. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna arðgreiðslu til hluthafa.

Fyrir liggur bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dagsett 26. mars 2013 þar sem tilkynnt er að á aðalfundi lánasjóðsins þann 15.mars s.l. var samþykkt að greiða út arð til hluthafa vegna góðrar afkomu ársins 2012. Hlutur sveitarfélagsins er kr. 727.872 þegar búið er að taka 20% fjármagnstekjuskatt af arðinum. Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Áhættugreining vegna gróðurelda.

Sveitarstjórn beinir því til slökkviliðsstjóra að vinnu við áhættugreiningu vegna gróðurelda verði hraðað. Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir því að verða upplýst reglulega um framgang málsins.

6. Niðurfærsla á viðskiptakröfum Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjóri leggur fram samantekt á viðskiptakröfum sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að taka saman endanlega kröfufjárhæð og leggja fyrir næsta fund.

7. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 24. apríl kl. 9:30.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Til kynningar

- ✓ Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 148. stjórnarfundar 25.03 2013.
- ✓ Samband orkusveitarfélaga. Fundargerð 10. stjórnarfundar, 22.03 2013.
- ✓ Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, sóknaráætlun Suðurlands.
- ✓ Eignarhaldsfélag Suðurlands hf., ársreikningur 2012.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2012.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Lánasjóður sveitarfélaga ohf., ársreikningur 2012.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:05